

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur frá Kóngsbakka árið 1965.

Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári	kr. 29 118.80
2. Vextir 1965	— 2 439.93
3. Vaxtabætur Söfnunarsjóðs	— 83 71
	<hr/>
	Kr. 31 642.44

Gjöld:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 31 642.44
	<hr/>
	Kr. 31 642.44

Haukur Sigurðsson.

Sigurborg Magnúsdóttir.

Aðalheiður Bjarnadóttir.

6. september 1966.

Nr. 269.

REGLUGERÐ

fyrir sundskála Svarfdæla.

- Sundskálinn er eign heimtavistarskólans að Húsabakka að hálfu og Barna- og unglingskóla Dalvíkur að hálfu og er starfræktur undir nafninu **Sundskáli Svarfdæla**.
- Rekstur sundskálans skal vera í höndum þriggja manna nefndar, sem skal skipuð þannig: Skólanefndir beggja skólanna kjósa hvor um sig einn fulltrúa úr sínum hópi og annan til vara. Skólastjórar fyrrnefndra skóla skulu eiga sæti í nefndinni sitt árið hvor, og skal hlutkesti ráða hvor tekur sæti fyrir í nefndinni. Skólastjóri skal jafnan vera formaður nefndarinnar.
- Nefndin ber ábyrgð á rekstri eignarinnar gagnvart skólanefndum skólanna. Nefndin haldi nákvæma gerðabók um störf sín og starfrækslu eignarinnar.
- Hlutverk nefndarinnar skal vera:
 - Setja reglur um afnot sundskálans, bæði í þágu skólanna, félagsbundinna ungmennafélaga og almennings.
 - Ákveða afnotagjöld.
 - Ráðning starfsmanna vegna rekstrar skálans og setja þeim starfsreglur.
 - Gera tillögur um viðhald laugar og áhalda og um endurbætur og nýbyggingar, einnig skal nefndin gera áætlun í byrjun hvers árs yfir fjárþörf skálans. Áætlun skal lögð fyrir viðkomandi hreppsnefndir áður en fjárhagsáætlun hvers árs er afgreidd.
- Rekstrarárið sé hið sama og rekstrarár skólanna, og skulu reikningar sundskálans fylgja reikningum Húsabakkaskóla og endurskoðast af þeim, sem endurskoða reikninga skólans. Starfstími nefndarinnar skal vera hinn sami og starfstími skólanefndanna.
- Umgengni gesta, ræsting og viðhald skal líta fyrir mælum um rekstur og notkun sundstaða.

7. Rísi ágreiningur vegna skilnings á ákvæðum þessara reglna, sker menntamála-ráðuneytið úr.
8. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. íþróttalaga, nr. 49 frá 7. apríl 1956, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. september 1966.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um námslán læknanema gegn skuldbindingu um lækniþjónustu í héraði, nr. 74 1. marz 1966.

1. gr.

Í stað „4 í fyrsta sinn árlega“ í niðurlagi 1. gr. komi: 6 í fyrsta sinn árlega.

2. gr.

Í stað „kr. 75 þúsund“ í 1. mgr. 6. gr. komi: kr. 90 þúsund.

3. gr.

Í stað „7%“ í niðurlagi 7. gr. komi: 5%.

4. gr.

Aftan við 1. mgr. 8. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú telur lánþegi starfsskilyrði í héraði ekki viðundandi, þannig að hann treysti sér ekki til að taka við því, og getur hann þá óskað umsagnar Læknafélags Íslands um hverjar úrbætur teljist nauðsynlegar.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Lánskjör þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, gilda einnig fyrir þá, sem lán fengu árið 1966.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 43/1965, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.